

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
233. fundur – 30. apríl 2018**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 30. apríl 2018. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð. Svava H. Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Fundargerð 232. fundar frá 26. mars 2018 lögð fram.

1 Starfsleyfi, umsagnir, tilkynningar o.fl.

1.1 Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Akrabraut 1, Garðabær – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Kristins Skúlasonar f.h. Krónunnar ehf., kt. 711298-2239, dags. 17.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs matvöruverslunar að Akrabraut 1, Garðabæ. Fastanúmer: 232-9730. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.2 Álftanes, Garðabær – vatnsveita

Lögð fram umsókn Hlínar Benediksdóttur f.h. Veita ehf., kt. 501213-1870, dags. 27.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs veitukerfis fyrir neysluvatn fyrir Álftanes, Garðabæ. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.3 Ásgarður, Garðabær – sundlaug

Lögð fram umsókn Kára Jónssonar f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 27.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs sundlaugar í Ásgarði, Garðabæ. Fastanúmer: 207-2678. Endurbætur á húsnæði.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.4 Ásgarður, Garðabær – samkomusalur

Lögð fram umsókn Ásu Ingu Þorsteinsdóttur, kt. 611175-0199, dags. 27.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs samkomusalar með eldhúsi í Stjórnuheimilinu við Ásgarð, Garðabæ. Fastanúmer: 207-2709. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.5 Bergás 1, Garðabær – leikskóli

Lögð fram umsókn Ásrúnar Vilbergsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 26.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs leikskóla með mótuneyti að Bergási 1, Garðabæ. Fastanúmer: 224-6968. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.6 Breiðumýri, Garðabær – veitingaverslun

Lögð fram umsókn Hjalta Þórarinssonar, f.h. Hjalti Þórarinsson ehf., /Bitakot kt. 520506-1950, dags. 11.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs veitingaverslunar að Breiðumýri, Garðabæ. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Holtsbúð 3, Garðabær – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Elfu Arnbjarnardóttur, kt. 280490-2539, dags. 27.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs snyrtistofu að Holtsbúð 30, Garðabæ. Fastanúmer: 207-0539. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt ákvæði 14. reglugerðar um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis áður en hægt er að afgreiða starfsleyfi.

1.1.8 Hólmatún 3, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Maríu Bjarnadóttur, f.h. Messans ehf., kt. 530214-0440, dags. 10.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna sölu og dreifingar á matvöru. Um er að ræða lögheimili að Hólmatúni 3, Garðabæ. Dreifing verður frá birgjum. Fastanúmer: 224-9042. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin valdi ekki ónæði í íbúðahverfinu og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Strandvegur 13, Garðabær – gististaður

Lögð fram umsókn Sigrúnar Ásdísar Gísladóttur, f.h. Reksturs og skattaskila sf., kt. 561111-0810, dags. 20.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs gististaðar að Strandvegi 13, Garðabæ. Fastanúmer: 226-9832. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað og umsækjanda kynnt ákvæði 14. reglugerðar um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis áður en hægt er að afgreiða starfsleyfi.

1.1.10 Vesturhraun 5, Garðabær – geymsla bifreiða, verkstæði

Lögð fram umsókn Gísla Jónssonar, f.h. Króks ehf., kt. 700109-0380, dags. 17.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til geymslu á tjonabifreiðum, aðstöðu til tjonaskoðunar og reksturs verkstæðis að Vesturhrauni 5, Garðabæ. Fastanúmer: 207-2507.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa. .

Hafnarfjörður

1.1.11 Dalshraun 11, Hafnarfjörður – heilsuræktarstöð

Lögð fram umsókn Jóns Þórðarsonar, f.h. Heilsudalurinn Eignarhald ehf., kt. 540497-2149, dags. 28.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs heilsuræktarstöðvar og til að útbúa skyrdrykki að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Fastanúmer: 223-3459, 207-4330, 223-3461. Endurnýjun

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Fjarðargata 13-15, Hafnarfjörður – ísbúð

Lögð fram umsókn Friðriks Björnssonar, f.h. Frico ehf., kt. 631210-0150, dags. 17.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur ísbúðar að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Gjótuhraun 8, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Hafdísar Jónsdóttur, f.h. Hergerður ehf., kt. 411214-1330, dags. 4.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til geymslu og dreifingar matvæla frá Gjótuhrauni 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 225-6721. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

1.1.14 Helluhraun 4, Hafnarfjörður – verkstæði

Lögð fram umsókn Benedikts Helgasonar, f.h. Go Campers ehf., kt. 500414-0300, dags. 23.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs bifreiðaverkstæðis að Helluhrauni 4, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-5366. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteigna.

1.1.15 Hjallabraut 33, Hafnarfjörður- hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Bjarkar Sigurjónsdóttur, kt. 190269-2999, f.h. Hárstill, dags. 27.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Hjallabraut 33, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-5543. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

1.1.16 Hjallahraun 4, Hafnarfjörður – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Jóns Hafþórs Marteinsonar, f.h. Bifreið Varahlutaverzlun ehf., kt. 710815-0700, dags. 23.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til rekstur bifreiðaverkstæðis að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Fastanúmer:207-5699, 207-5700. Ný rekstaraðili.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

1.1.17 Hjallahraun 9, Hafnarfjörður – skemmtigarður

Lögð fram umsókn Elvars Ólafssonar, f.h. Berserkir axarkast ehf., kt. 560218-0790, dags. 27.03.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur skemmtigarð að Hjallahrauni 9, Hafnarfirði. Fastanúmer: 227-1761. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Kaplahraun 15, Hafnarfjörður – bónstöð

Lögð fram umsókn Guðbrandar Benediktssonar, kt. 040392-3519, f.h. G.S. Bón, dags. 12.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs bónstöðvar að Kaplahrauni 15, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-6802. Nýstarfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Klausturhvammur 17, Hafnarfjörður – daggæsla

Lögð fram umsókn Pálmeyjar Daggar Gylfadóttur, kt. 261285-3049, dags. 18.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur daggæslu, með allt að 10 börn, að Klausturhvammi 17, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-6965. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

1.1.20 Melabraut 17, Hafnarfjörður – plastframleiðsla

Lögð fram að nýju umsókn Stefáns Þórs Gunnarssonar f.h. Durinn ehf., kt. 501105-2440, dags. 10.01.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir plastframleiðslu að Melabraut 17, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-7813. Ný starfsemi.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlits 29. mars s.l. og í Fjarðarfréttum 29.03.2018 með athugasemdafresti til 25. apríl 2018. Engar athugasemdir hafa borist.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um fullnægjandi mengunarvarnir verða komnar á fráveitu fyrirtækisins innan 1. júní n.k.

1.1.21 Melabraut 22, Hafnarfjörður – fiskverkun

Lögð fram umsókn Ómars Hákonarsonar f.h. North Is ehf., kt. 700516-3420, dags. 18.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur fiskverkunar að Melabraut 22, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-7824.


Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og með skilyrðum um að hreinsun lóðar verði lokið fyrir 1. júní n.k..

1.1.22 Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Lilju Bragadóttur, kt. 170151-2759, f.h. Hárgreiðslustofan ÞEMA, dags. 4.04.2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir reksturs hárgreiðslustofu að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-8655. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.



1.1.23 Reykjavíkurvegur 66, Hafnarfjörður – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Sverris Hjörleifssonar, f.h. Félagsvörur ehf., kt. 420904-2740, dags. 9.04.2018, þar sem sótt er um leyfi til geymslu og dreifingar matvæla frá Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára.

1.1.24 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður – dægradvöl

Lögð fram umsókn Jóhönnu M. Fleckenstein, f.h. Klettabær ehf., kt. 550318-0830, dags. 23.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs dægradvalar að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um að fullnægjandi upplýsingar liggi fyrir um fasteignina.

1.1.25 Reykjavíkurvegur 74, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Rosita Yufan Zhang, f.h. Life Iceland ehf., kt. 460614-1980, dags. 26.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs veitingastaðar að Reykjavíkurvegi 74, Hafnarfirði.

Fastanúmer: 207-8689. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.

1.1.26 Smárabará 1, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Ingu Fríðu Tryggvadóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 23.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs leikskóla með mótuneyti við Smárabará 1, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-9031. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.27 Suðurhella 8, Hafnarfjörður – framleiðsla og dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Birgis Más Sigurðssonar, f.h. Þoran Distillery ehf., kt. 680513-0820, dags. 22.03.2018, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu áfengra drykkja og dreifingar að Suðurhelli 8, Hafnarfirði. Fastanúmer: 230-6866. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

1.1.28 Fagrabrekka 26, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Eddu Valsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 26.03.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs leikskóla með mótuneyti við Fögrubrekku 26, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-0245. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.29 Grænatún 1, Kópavogur – hárgreiðslustofa

Lögð fram umsókn Bjarkar Hreiðarsdóttur, f.h. Hárgreiðslustofan Delía & Samson sf., kt. 431187-1329, dags. 4.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs hárgreiðslustofu að Grænatúni 1, Kópavogi. Fastanúmer: 206-1079. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.30 Grænatún 3, Kópavogur – leikskóli

Lögð fram umsókn Jónu K. Gunnlaugsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 23.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs leikskóla með mótuneyti að Grænatúni 3, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-1086. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.31 Kópavogsbraut 58, Kópavogur – grunnskóli

Lögð fram umsókn Bjargar Baldursdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 26.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs grunnskóla með mótuneyti við Kópavogsbraut 58, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-3524. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaoreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.32 Kópavogsgærði 6a,b,c,d, Kópavogur – sjúkrastofnun

Lögð fram umsókn Aðalsteins Pálssonar f.h. Landspítali, kt. 500300-2130, dags. 27.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs sjúkrastofnunar að Kópavogsgærði 6a,b,c,d, Kópavogi.

Fastanúmer: 206-3365, 223-0525, 223-0526, 223-0527. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.33 Núpallind 7, Kópavogur – grunnskóli

Lögð fram umsókn Guðrúnar G. Halldórsdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags.

27.04.2018, þar sem sótt er um leyfi vegna reksturs grunnskóla með mótuneyti við Núpallind 7, Kópavogi. Fastanúmer: 223-7161. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.34 Nýbýlavegur 4, Kópavogur – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Arnar Héðinssonar f.h. Karl K. Karlsson, kt. 501117-0210, dags. 24.04.2018, þar

sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Nýbýlavegi 4, Kópavogi. Fastanúmer: 206-4384.

Vörudreifing aðallega frá vöruhótelum. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvælaeðlugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.2 Umsagnir

Hörður Svavarsson tók sæti á fundinum

Garðabær

1.2.1 Ásgarður, Garðabær - samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 18.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn UMF Stjarnan, kt. 611175-0199, þar sem sótt er um breytingu á rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki II í Ásgarði, Garðabæ. Lengri opnunartími og sundurliðun gestafjölda í samkomusal og samkomurími.

Jákvæðri umsögn veitt með með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa. Sjá lið 1.1.4 í þessri fundargerð.

1.2.2 Strandvegur 13, Garðabær - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 26.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Rekstur og skattaskil ehf., kt. 561111-0810, þar sem sótt er um nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II að Strandvegi 13, Garðabæ.

Frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir. Sjá lið 1.1.9 í fundargerðinni.

Hafnarfjörður

1.2.3 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Nemendafélags Kvennaskólans, kt. 430993-2089, um tækifærisleyfi fyrir 1200 manna skemmtun þann 19. apríl 2018 frá kl. 22:00 til 01:00 í Kaplakrika, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.4 Kaplakriki, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 12.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarfjarðar, kt. 540169-2769, um tækifærisleyfi fyrir 3000 manna skemmtun þann 7. júní 2018 frá kl. 18:00 til 23.15 í Kaplakrika, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn veitt.

1.2.5 Reykjavíkurvegur 74, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.03.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Life Iceland ehf., kt. 460614-1980, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað samkvæmt flokki II við Reykjavíkurveg 74, Hafnarfirði.

Jákvæð umsögn veitt að lokinni úttekt.

Kópavogur

1.2.6 Bæjarlind 6, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Verslunarskóla Íslands kt. 690269-1399, um tækifærisleyfi fyrir 320 manna skemmtun þann. 3. maí 2018 frá kl. 22:00 til 01:00 á Spot, Bæjarlind 6, Kópavogi
Jákvæð umsögn veitt.

1.2.7 Hestheimar 14-16, Kópavogur - samkomusalur, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 27.04.2018, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Spretts Rekstrarfélags, kt. 580713-0680, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir samkomusal samkvæmt flokki II við Hestheima 14-16, Kópavogi.
Jákvæðri umsögn veitt með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2.8 Lyngbrekka 15, Kópavogur - gististaður, rekstrarleyfi

Lagt fram erindi Kópavogsbæjar frá 24. apríl s.l. þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hótel Framtíð ehf., kt. 471188-1829, sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað samkvæmt flokki II við Lyngbrekku 15, Kópavogi til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi bókun gerð:

„Samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerða er afgreiðslu frestað. Umsækjanda verður kynnt ákvæði 14. reglugerðar um hollustuhætti um að húsnæði skuli hafa hlotið staðfestingu leyfisveitanda byggingaleyfis á því að starfsemi sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis áður en hægt er að afgreiða starfsleyfi eða veita jákvæða umsögn um rekstrarleyfi.

1.3 Tóbaksleyfi

1.2.9 Akrabraut 1, Garðabær - verslun

Lögð fram umsókn Krónunnar ehf., kt. 711298-2239, dags. 17.04.2018 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í verslun Krónunnar, Akrabraut 1, Garðabæ. Ný starfsemi.
Leyfisveiting samþykkt.

1.2.10 Hamraborg 12, Kópavogur - verslun

Lögð fram umsókn Olíuverslunar Íslands hf., kt. 500269-3249, dags. 12.03.2018 þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu í Olís, Hamraborg 12, Kópavogi. Endurnýjun.
Leyfisveiting staðfest.

1.4 Annað

1.4.1 Fundargerð samstarfshóps heilbrigðiseftirlits og Matvælastofnunar lagðar fram til kynningar:

- matvælahóps frá 12.2.2018
- matvælahóps frá 12.3.2018
- matvælahóps frá 9. 4 2018
- a) Lagður fram tölvupóstur Matvælastofnunar frá 23.4.2018 um stöðu eftirlitsverkefni um geymslupólsmerkingar.
- b) Eftirlitsverkefni „Listeria monocytogenes fyrirbyggjandi aðgerðir“ er í undirbúningi hjá Matvælastofnun og mun heilbrigðiseftirlit taka þátt í því.

1.4.2 Fundargerðir samstarfhópa heilbrigðiseftirlits og Umhverfisstofnunar lagðar fram til kynningar:

- hollustuháttahóps frá 19.3.2018
- a) Eftirlitsverkefni 2017 um uppfærslu starfsleyfisskilyrða sbr. reglugerð 941/2002 er ólokið.
- b) Eftirlitsverkefni 2018 – gæði baðvatns í sundi og öryggi á sundstöðum er í undirbúningi og mun heilbrigðiseftirlitið taka þátt í því.
- c) Gagnagátt er í uppbyggingu hjá Umhverfisstofnun og er stefn er að notkun hennar hefjist á þessu ári.
- hollustuháttahóps frá 23.4.2018

- a) Lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar frá 17.4.2018 þar sem lagt er til að eftirlitsverkefni 2019 verði um leikvelli og leikvallatæki, m.t.t innra eftirlits, rekstrar- og aðalskoðunar.
- b) Lagður fram tölvupóstur Umhverfisstofnunar frá 24.4.2018 um námskeið vegna eftirlits með leikvöllum sem stofnunin mun sjá um.

Heilbrigðisnefnd ákvað að heilbrigðiseftirlitið muni fara yfir skoðun leikvalla, öryggi leikvallatækja og eftirlit með leikvöllum í framhaldinu.

- umhverfisgæðahóps frá 10. og 11. apríl 2018

1.4.3 Vorfundur Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar 2018

Lögð fram til kynningar dagskrá vorfundar Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar með framkvæmdastjórum heilbrigðiseftirlitssvæða 8. og 9. maí 2018.

1.4.4 Beiðni um tímabundina frestun á réttaráhrifum ákvarðana eða fallist verði á hæfilegan frest til andmæla.

Lagt fram erindi Málflutningsstofu Reykjavíkur dags. 30. apríl 2018 þar sem fram þar sem fram kemur að Krónan ehf. hafi falið lögmannsstofunni að gæta hagsmuna félagsins vegna fimm skoðunarskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 15. mars 2018 vegna brauðbara. Óskað er lengri frests til að skila inn athugasemdum og andmælum vegna þeirra atriða sem koma fram í umræddum skýrslum.

Heilbrigðisnefnd er opinber eftirlitsaðili með öryggi í dreifingu matvæla sbr. ákvæði 20. gr. matvælalaga nr. 93/1995. Matvælaeftirlit tekur m.a. til eftirlits með efnum og hlutum sem geta komist í snertingu við matvæli. Samkvæmt matvælaeðlum eru efni og hlutir allar umbúðir, ílát, áhöld, tækjabúnaður, borðbúnaður og öll efni sem slíkir hlutir eru samsettir úr og geta komist í snertingu við matvæli.

Heilbrigðisnefnd felst á að veita fyrirtækinu frest 25. maí n.k. til að skila andmælum og úrbótaáætlunum. Fresturinn er veittur með þeim fyrirvara að fyrirtækið bregðist nú þegar við kröfum sem gerðar eru til þrifa á búnaði í V. kafla reglugerðar nr. 103/2010 og kynni þær ráðstafanir fyrir heilbrigðisfulltrúa fyrir 4. maí n.k.

1.4.5 Reglugerð um úrvinnslu ökutækja

Lögð fram til kynningar skýrsla heilbrigðiseftirlits dags. 20. apríl 2018 um framkvæmd ákvæða reglugerðar nr. 303/2008 um úrvinnslu ökutækja.

Reglugerðin og skýrslan er forsenda þess að íslensk stjórnvöld geti uppfyllt alþjóðlegar skyldur um gagnaskil er varðar úrgangsmál.

1.4.6 Arnarás 11, Hafnarfjörður – búsetuúrræði

Lögð fram tilkynning Jóhannu M. Fleckenstein, f.h. Klettabær ehf., kt. 550318-0830, dags. 23.03.2018, vegna búsetuúrræðis að Arnarási 13, Hafnarfirði. Fastanúmer: 225-5536.

Tilkynning móttekin.

1.4.7 Brekkuhvammur 16, Hafnarfjörður – búsetuúrræði

Lögð fram tilkynning Jóhannu M. Fleckenstein, f.h. Klettabæjar ehf., kt. 550318-0830, dags. 23.03.2018, vegna búsetuúrræðis að Brekkuhvammi 16, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-4185.

Tilkynning móttekin.

1.4.8 Merkurgata 11, Hafnarfjörður – búsetuúrræði

Lögð fram tilkynning Jóhannu M. Fleckenstein, f.h. Klettabæjar ehf., kt. 550318-0830, dags. 23.03.2018, vegna búsetuúrræðis að Merkur götu 11, Hafnarfirði. Fastanúmer: 207-7856.

Tilkynning móttekin.

1.4.9 Klukkuberg, Hafnarfjörður – dýrbítur

Lögð fram lögregluskýrsla frá 19.12.2017 um árás hunds á kött. Lagt fram atferlismat dýralæknis sem unnið var í kjölfarið varðandi hundinn.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Heilbrigðisnefnd telur að aðgæsla með dýrinu hafi verið ófullnægjandi þegar umrætt atvik átti sér stað og leggur fyrir eiganda þess að bæta þar úr sbr. ákvæði 11. gr. samþykktar um hundahald nr. 157/2000.

2 Skipulagsmál

Lagt fram erindi Garðabæjar dags. 17.4.2018 þar sem óskað er umsagnar um skipulags- og matslýsingu deiliskipulags Norðurness á Álftanesi.

<http://www.gardabaer.is/forsida/skipulagsmal/skipulagsmal/2018/04/18/Tillogur-ad-deiliskipulagsaetlunum-a-Alftanesi/>

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemd

3 Umhverfissvöktun vegna loftgæða

3.1 Umhverfissvöktun á Hvaleyrarholti í Hafnarfirði 2017

Lagt fram til kynningar erindi Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., ISAL, frá 20. apríl 2018 ásamt skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar febrúar 2018 „umhverfissvöktun Hvaleyrarholti“ mæligögn 2017. Unnið er úr gögnum sem safnað er í stöð ISAL og Umhverfisstofnunar á Hvaleyrarholti.

Helstu niðurstöður eru:

- *Svifryk*. Árið 2017 var styrkur svifryks í meðallagi miðað við fyrri ár þó árið hafi bæði verið hægviðra-samt og votviðrasamt sem jafnan þýðir lágur styrkur svifryks.
- Ársmeðaltal PM₁₀ var 7,8 µg/m³ og PM_{2,5} 3,8 µg/m³. Langhæstu klukkustundargildin mældust eftir miðnætti á nýársdag, PM₁₀ 510 µg/m³ og PM_{2,5} 532 µg/m³. Næst hæstu gildin komu 17. apríl PM₁₀ 295 µg/m³ og PM_{2,5} 102 µg/m³. Á árinu mældist PM₁₀ ryk í 49 stundir yfir 50 µg/m³ og PM_{2,5} í 7 stundir miðað við 19 og 2 árið á undan.
- *Brennisteinstvíoxíð*. Lágur styrkur mældist en þó komu toppar.
- *Brennisteinsvetni*. Ársmeðaltalsstyrkur er um þriðjungur af ársheilsuverndarmörkum og hefur farið lækkandi.
- *Flúor*. Mælist áfram lágur eins og fyrri ár.
- *Nituroxíð*. Viðmiðunarmörk eru til fyrir NO₂. Styrkur mældist vel innan allra viðmiðunarmarka en hefur farið lækkandi á undanförunum árum eins og víða á höfuðborgarsvæðinu.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd telur að sú staðreynd að engin veður mælistöð sé í stöðinni í Hvaleyrarholti geti rýrt trúverðugleika mælinga í stöðinni og hvetur því ábyrgðaraðila hennar að koma þar fyrir slíkum mælitækjum“.

3.2 Flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto Íslandi 2017

Lagt fram til kynningar erindi Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., ISAL, frá 20. apríl 2018 ásamt „skýrslu Nýsköpunarmiðstöðvar flúormælingar í gróðri í umhverfi Rio Tinto Íslandi 2017. Mælingar eru gerðar árlega á gróðri (grasi, laufi og barri) og vatni úr Kaldá.

- Fram kemur að mælingar árið 2017 eru hliðstæðar og s.l.ár. Lítillega lægri í grasi og laufi en óverulega hærrí í barrsýnum. ef miðað er við tímabilið frá 1992. Mæligildi eru öll undir 30 ppm og vel undir þolmörkum gróður og grasbíta.

Eftirfarandi ályktun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd ítrekar fyrri samþykktir um að tímabært sé að hefja reglubundnar flúormælingar í lofti á Garðaholti“.

3.3 Rió Tinto Íslandi. Grænt bókahald

Lagt fram til kynningar erindi Rio Tinto Alcan á Íslandi hf., ISAL, frá 27. apríl 2018 ásamt grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir 2017.

3.4 Umhverfissvöktun við Norðurhelli í Hafnarfirði 2017

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar „Umhverfissvöktun Norðurhelli. Mælingar í lofti. Mæligögn 2017. Síðari hluta 2016 var stöðin endurnýjuð. Núverandi stöð er hliðstæð stöð HHK í Dalsmára.

Helstu niðurstöður:

- *Svifryk.* Styrkur svifryks 2017 mældist nokkru lægri en árin 2014 og 2015. Getur það skýrst af frekar votviðrasömu ári en einnig með breyttri mælitækni. Ársmeðaltal PM₁₀ var 7,1 µg/m³ og PM_{2,5} 3,8 µg/m³. Engin dagur var yfir heilsuverndarmörkum en hæstu dagsmeðaltölin voru 17. apríl PM₁₀ 37 µg/m³ og PM_{2,5} 30 µg/m³. Á árinu mældist PM₁₀ ryk í 27 stundir yfir 50 µg/m³ og PM_{2,5} í 17 stundir.
- *Brennisteinstvíoxíð.* Lágur styrkur mældist en þó komu toppar.
- *Brennisteinsvetni.* Ársmeðaltalsstyrkur H₂S reyndist 1,7 µg/m³ sem er um þriðjungur af ársheilsuverndarmörkum.

3.5 Loftgæðavöktun við Dalsmára 2017

Lögð fram að nýju skýrsla heilbrigðiseftirlitsins um loftgæðamælingar í Kópavogi á árinu 2017. Teknar eru saman helstu niðurstöður mælinga í loftgæðamælistöðinni í Kópavogi sem árið 2017 var staðsett við Dalsmára. Skýrsluna má sjá á vefsvæði eftirlitsins www.heilbrigdiseftirlit.is Skýrsluna má sjá á heimasíðu eftirlitsins www.heilbrigdiseftirlit.is Niðurstöður mælinga undangenginna hafa sýnt fram á að loftgæði í íbúðarhverfum í Kópavogi eru góð.

- Loftgæði um áramót eru verulegt frávik frá þeirri reglu. Hár styrkur brennisteinsvetnis frá Helligheiðavirkjun, sem mælist í austanáttum í Lækjarbotnum telst líka frávik.
- Hár og vaxandi styrkur svifryks og köfnunarefnisoxíða (nituroxíða) nærri þéttum umferðaræðum veldur áhyggjum.
- *Svifryk.* Ársmeðaltal PM₁₀ var 9,7 µg/m³ og PM_{2,5} 5,6 µg/m³. Langhæsta klukkustundargildið mældist eftir miðnætti á nýársdag, PM₁₀ 2063 µg/m³. Á árinu mældist PM₁₀ ryk í 75 stundir yfir 50 µg/m³ miðað við 39 sinnum árið 2016 og 28 sinnum 2015.

3.6 Loftgæðamælingar ON í Lækjarbotnum árið 2017

Lögð fram skýrsla verkfræðistofunnar Vista, janúar 2018 sem unnin var fyrir Orku náttúrunnar um H₂S loftgæðamælingar í Lækjarbotnum fyrir árið 2017 Samkvæmt niðurstöðum skýrslu fór styrkur H₂S aldrei yfir viðmiðunarmörk á árinu. Breytt efnistöð torveldar samanburð við niðurstöður fyrri ár.

3.7 Svifryk áramót 2017/2018 – mæling á málmum og PAH

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar á mælingum svifryki (PM₁₀) í lofti, ólífrænum snefilefnum og fjölhringja kolefnissamböndum (PAH efnum) um áramótin 29/17/2018 Af niðurstöðunum verður ráðið að svifrykið frá flugeldum um áramótin verði að teljast afar varasamt. Það mælist afar hátt, stór hluti þess virðist mjög finn, það er málmríkt, kolefnisríkt, brennisteinsríkt og klóríkt og í því mælast efni eins og bensó(a)pyren.

4 Umhverfismat

4.1 Suðurnesjalína 2

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 23. apríl 2018 þar sem óskað er umsagnar um matsáætlun Landnets fyrir Suðurnesjalínu 2 <http://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/mal-i-kyrningu/safn/sudurnesjalina-2> Heilbrigðiseftirlit mun svara erindinu.

4.2 Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum Reykjavík

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 18. apríl 2018 þar sem óskað er umsagnar um matsáætlun Veitna fyrir vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum. <http://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/mal-i-kyrningu/safn/vatnsvinnsla-i-vatnsendakrikum-heidmork> Heilbrigðiseftirlit mun svara erindinu.


5 Aðgengi að gögnum og skýrslum á vefsvæði eftirlitsaðila

5.1 Erindi um birtingu hundskrár

Lagður fram tölvupóstur Friðbjörns Berg frá 15. apríl 2018 þar sem farið er fram á að skrá um hunda verði gerðar aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila.

5.2 Skýrslur um hollustuhátta og mengunarvarnaeftirlit

Með breytingum á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 66/2017 var heilbrigðisnefndum gert skylt að gera skýrslur úr eftirliti aðgengilegar á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið



tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

5.3 Skýrslur um matvælaeftirlit

Með breytingum á lögum um matvæli nr. 867/2018 sem samþykkt voru á Alþingi 26.4.2018. er heilbrigðisnefndum gert að skrá og birta upplýsingar um matvælaeftirlit með sama hætti og Matvælastofnun gerir á grundvelli laga og reglugerða.

6 Vatnsvernd

6.1 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd frá 27. mars 2018

7 Önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:31


Jón Heiður Ingvason

Fjölur Sæmundsson


Gnýr Guðmundsson

Hörður Svavarsson